

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð Reykjanesbæjar (MÍT), hér eftir nefndur verkkaupi, og **Ljósop, félag áhugaljósmyndara á Suðurnesjum,** gera með sér eftirfarandi

SAMNING

um kynningu á starfi sínu í Reykjanesbæ árið 2006

1. gr.

Ljósop, félag áhugaljósmyndara á Suðurnesjum, tekur að sér að halda kynningu og námskeið í ljósmyndun í Reykjanesbæ fyrir bæjarbúa. Ljósop skal einnig halda að minnsta kosti tvær ljósmyndasýningar, eina um Frístundahelgina og aðra á Ljósanótt.

2. gr.

Ljósop sér um að auglýsa ofangreinda viðburði.

3. gr.

Ljósop skilar til MÍT skýrslu eigi síðar en 1. nóvember 2006 um hvernig staðið var að kynningunni, hver þátttakan var og hvað kom út úr fyrrgreindri kynningu.

4. gr.

MÍT greiðir Ljósopi kr. 150.000 (eitt hundrað og fimmtíu þúsund krónur), sem greiðist þannig að 100.000 greiðist við undirritun og 50.000 greiðist þegar skýrsla verksala hefur borist.

5. gr.

Ljósop tekur að sér að halda kynningu á ljósmyndun í Fjölbrautaskóla Suðurnesja í samráði við Nemendafélag Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

6. gr.

Samkomulag þetta gildir til 31. desember 2006.

7. gr.

Samkomulag þetta er heimilt að endurskoða hvenær sem er á gildistímanum, ef annar hvor sammingsaðila óskar þess.

8. gr.

Af samkomulagi þessu eru gerð tvö samhljóða eintök, sitt handa hvorum aðila.

Reykjanesbær, _____ 2006.

f.h. MÍT

f.h. Ljósops

Kristján Carlsson Gränz formaður